

REGLUGERÐ

um framkvæmd innheimtu sérstaks tímabundins vörugjalds af innlendra framleiðslu á kökum og brauðvörum.

1. gr.

Innlendum aðilum sem framleiða kökur og brauðvörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð nr. 456/1985 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, og miða verðlagningu á framleiðslu sinni við smásöluverð, er heimilt að reikna sérstakt 30% vörugjald af gjaldskyldri framleiðslu sinni á 65% smásöluverðsins. Selji framleiðandi vöru sína á heildsöluverði skal reikna sérstakt vörugjald af 80% heildsöluverðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 456/1985.

2. gr.

Peir framleiðendur sem ekki geta haldið gjaldskyldri sölu aðgreindri frá gjaldfrjálsri sölu, t.d. með sjóðvélum, skulu daglega skrá í bókhald sitt hver gjaldskyld og gjaldfrjáls sala er. Slík skráning skal bókfærð í lok hvers söludags og lögð til grundvallar útreikningi sérstaks vörugjalds fyrir hvert uppgjörstímabil.

3. gr.

Peir sem skila sérstöku vörugjaldi samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skulu við greiðslu skila innheimtumanni ríkissjóðs sérstakri skýrslu á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu eða afhendingu, þ.m.t. úttekt til eigin nota. Ákvæði reglugerðar nr. 456/1985 gilda að öðru leyti um álagningu og innheimtu sérstaks vörugjalds af framleiðslu sem um ræðir í þessari reglugerð.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar nr. 456/1985 skal ekki innheimta sérstakt tímabundið vörugjald af kringlum, kruðum, tvíbököm, rúgbrauði, normalbrauði, maltbrauði, franskbrauði, heilheitibrauði og öðru sambærilegu brauði, enda innihaldi þau ekki meira en 8% sykur miðað við þyngd þurrefnis og ekki ost, ávexti, kakó, kjöt, fisk eða aðrar sambærilegar efnivörur til fyllingar eða sem álegg. Samkvæmt framansögðu eru kökur, kex, sætabrauð og aðrar brauðvörur sem ekki eru taldar upp hér að framan vörugjaldsskyldar.

5. gr.

Telji framleiðandi erfiðleikum bundið að greina vöru í gjaldflokka, sbr. ákvæði 4. gr., er honum heimilt að telja gjaldstofn til vörugjalds vera 15% af framleiðsluvirði allrar brauðvöru, óháð sykurinnihaldi.

Framleiðandi sem vill nýta sér þennan uppgjörsmáta skal fyrir lok fyrsta gjaldtímabils ár hvert tilkynna það skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1986. Jafnframt er fellt úr gildi umburðarbréf til skattstjóra og tollstjóra dags. 27. desember 1985.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Höskuldur Jónsson.